**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 4/2024**

**frá 2. febrúar 2024**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1698 frá 6. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er ADDCON Europe GmbH) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 104/2010 ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1699 frá 6. september 2023 um stöðu attapúlgíts sem fóðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1703 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,4-beta-glúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur), leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 ([3]).

4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1704 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 ([4]).

5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð

([1]) Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 4.
([2]) Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 9.
([3]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 3.
([4]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 8.

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1705 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([5]).

6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1707 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir [6].

7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1708 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 ([7]).

8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1709 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([8]).

9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1710 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir öll jórturdýr og ketti og hunda, leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 ([9]).

10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1711 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 (leyfishafi er Biozyme Incorporated) ([10]).

11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1713 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) ([11]).

12) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1698 fellir úr gildi reglugerð (ESB)

---

([5]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 11.
([6]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 27.
([7]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 31.
([8]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 34.
([9]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 37.
([10]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 42.
([11]) Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 51.

104/2010 ([12]), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

13) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1703 fellir úr gildi reglugerð (ESB) nr. 337/2011 ([13]) og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 ([14]), sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.

14) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1708 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 839/2012 ([15]), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

15) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1710 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 832/2012 ([16]) og (ESB) 2016/1007 ([17]) sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.

16) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

17) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 72. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2012):

   „, breytt með:

   – **32023 R 1704**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1704 frá 7. september 2023 (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 8).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 505. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333):

(12) Stjtíð. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 4.
(13) Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 19.
(14) Stjtíð. ESB L 164, 22.6.2016, bls. 4.
(15) Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 11.
(16) Stjtíð. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27.
(17) Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 10.

„506. **32023 R 1698**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1698 frá 6. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er ADDCON Europe GmbH) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 104/2010 (Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 4),

507. **32023 R 1699**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1699 frá 6. september 2023 um stöðu attapúlgíts sem fóðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (Stjtíð. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 9),

508. **32023 R 1703**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1703 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, og endó-1,4-beta-glúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143945, sem fóðuraukefni fyrir alifuglategundir, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og aukategundir svína (fráfærugrísi, eldissvín og mjólkandi gyltur), leyfi fyrir þeirri blöndu fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína (mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 337/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/997 (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 3),

509. **32023 R 1704**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1704 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23376 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 8),

510. **32023 R 1705**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1705 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með ríbóflavíni (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* CGMCC 13326, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 11),

511. **32023 R 1707**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1707 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir 2-asetýlfúrani og 2-pentýlfúrani sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 27),

512. **32023 R 1708**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1708 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr með virka vömb og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 839/2012 (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 31),

513. **32023 R 1709**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar

(ESB) 2023/1709 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus diolivorans* DSM 33625 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 34),

514. **32023 R 1710**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1710 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir öll jórturdýr og ketti og hunda, leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 832/2012 og (ESB) 2016/1007 (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 37),

515. **32023 R 1711**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1711 frá 7. september 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 (leyfishafi er Biozyme Incorporated) (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 42),

516. **32023 R 1713**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1713 frá 7. september 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA-5588, próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* CBS 148232, og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* ATCC SD-6525, fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) (Stjtíð. ESB L 221, 8.9.2023, bls. 51).“

3. Texti liða 1zzzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007), 1zzzzzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2010), 2y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 337/2011), 54 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012), 57 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012), 171 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/997) , 172 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007) og 3. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2010) í lið 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005) fellur brott.

*2. gr.*

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1698, (ESB) 2023/1699, (ESB) 2023/1703, (ESB) 2023/1704, (ESB) 2023/1705, (ESB) 2023/1707, (ESB) 2023/1708, (ESB) 2023/1709, (ESB) 2023/1710, (ESB) 2023/1711 og (ESB) 2023/1713 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.